

Verklagsreglur - Trúnaðarmannakosning:

Val á trúnaðarmanni

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (félagið) er umhugað að bjóða félagsmönnum upp á bestu þjónustu sem við getum veitt í hverju tilfalli. Í því felst m.a. að félagsmenn geti leitað upplýsinga um kjara- og réttindamál og fengið ráðgjöf/aðstoð hjá trúnaðarmanni á vinnustað.

Félagið leitast við að halda úti öflugu neti trúnaðarmanna. Félagsmenn hafa þann valkost að kjósa/velja úr sínum röðum trúnaðarmann/menn. Félagið hvetur félagsmenn til að nýta sér þennan rétt og félagið býður fram aðstoð og ráðgjöf við kosningu trúnaðarmanna.

Á sumum vinnustöðvum félagsmanna hefur ekki verið kosinn/valinn trúnaðarmaður og í einhverjum tilfellum hefur kosning runnið út og réttarstaða trúnaðarmanns því ekki til staðar lengur.

Félagið telur það mikilvægt að sem flestir félagsmenn hafi aðgang að trúnaðarmanni á sínum vinnustað/starfsstöð. Félagið vill hvetja félagsmenn sem ekki hafa trúnaðarmann á sínum vinnustað/starfsstöð til að kjósa/velja trúnaðarmann úr sínum röðum. Kosning skal að jafnaði vera leynileg nema allir félagsmenn fallist á annað.

1. Á starfsstöðvum þar sem enginn trúnaðarmaður er fyrir eða þar sem kosning hefur runnið út án kosningar nýs trúnaðarmanns skal eftirfarandi gilda:

1.1. Félagið getur á hvaða tímapunkti sem er, þó að jafnaði eigi síðar en í mars á hverju ári, upplýsa félagsmenn um stöðu trúnaðarmanna á viðkomandi starfsstöð. Jafnframt skal félagið hvetja félagsmenn til að velja sér trúnaðarmann sé enginn til staðar.

1.2. Sé enginn trúnaðarmaður á starfsstöð og félagsmenn vilja kjósa sér trúnaðarmann skal félagið óska eftir framboðum meðal allra félagsmanna. Tilkynna skal félaginu um framboð.

1.2.1. Komi fram fleiri en eitt framboð skal félagið tilkynna með rafrænum hætti til viðkomandi félagsmanna um framboðin og gefa frest (eigi minna en 7 daga) til að leggja fram frekari framboð.

1.2.1.1. Að loknum fresti skal félagið sjá um undirbúning kosningar, tilkynna félagsmönnum á kjörskrá hverjir séu í framboði og tilgreinir kjördag. Kosning skal að jafnaði fara fram með rafrænum og leynilegum hætti.

1.2.1.2. Að lokinni kosningu skal félagið tilkynna félagsmönnum um úrslit kosninga og aðstoða við tilkynningu til atvinnurekanda, sé þess óskað. Jafnframt skal félagið birta upplýsingar um trúnaðarmann á heimasíðu félagsins.

1.2.1.3. Nýkjörinn trúnaðarmaður skal sjá um að atvinnurekandi undirriti viðeigandi eyðublað og kemur því rafrænt til félagsins.

1.2.2. Komi eingöngu fram eitt framboð skal félagið tilkynna, með rafrænum hætti, félagsmönnum um framboðið og gefa frest (eigi minna en 7 daga) til að leggja fram frekari framboð. Upplýsa skal að ef aðeins einn er í framboði muni hann teljast sjálfkjörinn.

1.2.2.1. Komi ekki fram frekari framboð getur félagið ákveðið að ekki komi til kosninga. Sá sem hefur boðið sig fram telst að fresti liðnum sjálfkjörinn og skal félagið aðstoða með tilkynningu til atvinnurekanda sé þess óskað.

1.2.2.1.1. Nýkjörinn trúnaðarmaður skal sjá um að atvinnurekandi undirriti viðeigandi eyðublað og kemur því rafrænt til félagsins.

1.2.2.1.2. Félagið skal tilkynna öllum viðkomandi félagsmönnum um trúnaðarmann og birta á heimasíðu sinni upplýsingar þar um.

1.2.2.2. Komi fram frekari framboð skal liður 1.2.1. eiga við.

2. Á starfsstöðvum þar sem fyrir er trúnaðarmaður skal eftirfarandi gilda:

- 2.1. Félagið skal upplýsa sitjandi trúnaðarmenn um lok kjörtímabil þeirra að jafnaði eigi síðar en í marsmánuði á því ári sem kjörtímabili lýkur en þó aldrei seinna en mánuði áður en því líkur. Félagið skal jafnframt senda sitjandi trúnaðarmanni drög að kjörskrá á sama tíma sem trúnaðarmenn þurfa að bera saman við fyrirliggjandi upplýsingar m.a. frá atvinnurekanda.
- 2.2. Að jafnaði skal sitjandi trúnaðarmaður tilkynna öllum félagsmönnum um að kosning trúnaðarmanns standi fyrir dyrum. Hafi félagið ekki þegar sent trúnaðarmanni kjörskrá skal hennar óskað frá félaginu telji trúnaðarmaður þörf á. Tilkynningar undir þessum lið skulu gerðar með sannanlegum og rekjanlegum hætti.
 - 2.2.1. Trúnaðarmaður skal óska eftir frambjóðendum meðal viðkomandi félagsmanna og jafnframt skal upplýsa hvort hann hyggst gefa kost á sér áfram. Gefa skal hæfilegan frest (7 daga) til að tilnefna frambjóðendur.
 - 2.2.2. Komi fram fleiri en eitt framboð skal trúnaðarmaður tilkynna viðkomandi félagsmönnum um framboðin og gefa frest (eigi minna en 7 daga) til að leggja fram frekari framboð.
 - 2.2.2.1. Að loknum fresti skal trúnaðarmaður sjá um undirbúning kosningar, tilkynna félagsmönnum á kjörskrá hverjir séu í framboði og tilgreina kjördag. Kosning skal að jafnaði fara fram með rafrænum leynilegum hætti og skal félagið aðstoða við slíkt sé þess óskað.
 - 2.2.2.2. Að lokinni kosningu skal trúnaðarmaður tilkynna félagsmönnum um úrslit kosninga.
 - 2.2.2.3. Nýkjörinn trúnaðarmaður skal sjá um að atvinnurekandi undirriti viðeigandi eyðublað og kemur því rafrænt til félagsins.
 - 2.2.2.4. Félagið skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um trúnaðarmann.
 - 2.2.3. Komi eingöngu fram eitt framboð skal trúnaðarmaður tilkynna, að jafnaði með rafrænum hætti, félagsmönnum um framboðið og gefa frest (eigi minna en 7 daga) til að leggja fram frekari framboð. Upplýsa skal að ef aðeins einn er í framboði muni hann teljast sjálfkjörinn.
 - 2.2.3.1. Komi ekki fram frekari framboð getur trúnaðarmaður ákveðið að ekki komi til kosninga. Sá sem hefur boðið sig fram telst að fresti liðnum sjálfkjörinn og skal félagið aðstoða með tilkynningu til atvinnurekanda sé þess óskað.
 - 2.2.3.1.1. Nýkjörinn trúnaðarmaður skal sjá um að atvinnurekandi undirriti viðeigandi eyðublað og kemur því rafrænt til félagsins.
 - 2.2.3.1.2. Trúnaðarmaður skal tilkynna öllum viðkomandi félagsmönnum um kjör trúnaðarmans.
 - 2.2.3.1.3. Félagið skal birta á heimasíðu sinni upplýsingar um trúnaðarmann.
 - 2.2.3.2. Komi fram frekari framboð skulu liðir 2.2.2.1. til 2.2.2.4. eiga við.

Kjörskrá

Á kjörskrá eru allir félagsmenn með kosningarrétt sem starfa á viðkomandi starfsstöð og/eða fyrir viðkomandi vinnuveitanda. Kosningarétt hafa allir félagsmenn sem eru með fulla aðild að félaginu þegar kosning á sér stað. Athugið að starfsmenn í fæðingarorlofi, foreldraorlofi, launalausuleyfi eða í veikindaleyfi eiga einnig að vera á kjörskrá.

Félagið skal senda sitjandi trúnaðarmanni drög að kjörskrá að jafnaði í mars það ár sem kjörtímabil trúnaðarmanns rennur út en þó aldrei seinna en mánuði áður en því líkur. Trúnaðarmaður getur ávallt óskað eftir kjörskrá frá félaginu ef við á. Sitjandi trúnaðarmenn þurfa að bera þennan lista saman við fyrirliggjandi upplýsingar m.a. frá atvinnurekanda. Sé einhverjum ofaukið eða ef einhverv vantar þarf

að leiðrétta kjörskrána og senda hana til félagsins. Félagið sker úr um ef vafi liggur fyrir í tengslum við kjörskrá.

Kjörstjórn

Félagsmenn FÍN á hverri starfsstöð geta ávallt ákveðið að tilnefna kjörstjórn vegna kjörs trúnaðarmanna eins venjubundið hefur verið, sjá neðangreindar verklagsreglur. Félagið tekur almennt stöðu kjörstjórnar þegar rafræn kosning á sér stað. Tilnefning kjörstjórnar er ekki krafa af hálfu félagsins heldur valkvæður möguleiki fyrir félagsmenn.

Kjörstjórn sér um allan undirbúning kosningar trúnaðarmanns/trúnaðarmanna. Áður en kjörstjórn er tilnefnd skal sitjandi trúnaðarmaður bera kjörskrá saman við upplýsingar frá atvinnurekanda og leiðrétta ef við á.

1. Trúnaðarmenn senda, með rafrænum hætti, félagmönnum um óska eftir tilnefningum í kjörstjórn.
 - 1.1. Þjóði enginn sig fram velur trúnaðarmaður 2 í kjörstjórn.
2. Kjörstjórn tilkynnir öllum félagsmönnum að kosning trúnaðarmanns standi fyrir dyrum og hverjir sitji í kjörstjórn.
3. Kjörstjórn sendir á alla sem eru á kjörskrá og óskar eftir frambjóðendum og getur þess jafnframt hvort núverandi trúnaðarmaður gefi kost á sér áfram. Gefinn skal hæfilegur frestur (7 daga) til að tilnefna frambjóðendur.
4. Kjörstjórn tilkynnir félagsmönnum á kjörskrá hverjir séu í framboði og tilgreinir kjördag. Kosning skal að jafnaði vera leynileg.
5. Kjörstjórn gefur út kjörseðla og setur upp kjörkassa þar sem félagsmenn eiga að afhenda atkvæði sitt.
 - 5.1. Unnt er að hafa kosningu með rafrænum hætti. Heimilt er að hafa rafræna kosningu og getur félagið séð um hana ef kjörstjórn óskar þess. Kosning skal í öllum tilvikum vera leynileg. (Ef aðeins einn er í framboði til trúnaðarmanns er hann sjálfkjörinn trúnaðarmaður).

Kjörstjórn telur atkvæði eftir að kosningu er lokið. Sá/þeir sem fá flest atkvæði teljast löglega kosnir trúnaðarmenn.

Kjörstjórn tilkynnir atvinnurekanda, félaginu og félagsmönnum um niðurstöðu kosningarinnar.

Kjörstjórn sér til þess að atvinnurekandi undirriti þar til gert eyðublað og kjörstjórn kemur því eyðublaði til félagsins.

Trúnaðarmaður telst ekki fá réttarstöðu og lögbundna vernd trúnaðarmanns nema að kosning hafi verið tilkynnt skriflega og sannanlega til vinnuveitanda á umræddu eyðublaði.

Kosningarétt hafa allir félagsmenn sem eru með fulla aðild að félaginu 1. mars ár hvert.